



Borgarráð

***Gufunesvegur 17 - leiga fyrir skapandi verkefni***

Óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að auglýsa eftir samstarfsaðila til að reka og halda utan um rekstur í miðstöð fyrir skapandi greinar í skrifstofuhúsnæði í Gufunesvegi 17. Leitað verði eftir aðila sem mun taka húsnæðið á leigu, með núverandi leigutökum á vegum Reykjavíkurborgar og sjá um framleigu og utanumhald í samvinnu við Reykjavíkurborg.

***Greinargerð.***

Reykjavíkurborg auglýsti árið 2020 húsnæði á leigu fyrir skapandi verkefni í eignum borgarinnar í Gufunesi. Um var að ræða tímabundið verkefni meðan svæðin væru í skipulags- og uppbyggingarferli.

Rýmnum var síðan úthlutað til einstakra listamanna og annarra í skapandi greinum en utanumhald og rekstur á húsnæðinu hefur verið flókin í núverandi formi.

Húsnæðið að Gufunesvegi 17 er um 2600 fermetrar og eru um 25% af húsnæðinu að losna. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði áfram nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman. Staðsetning verkefnisins hentar vel í ljósi þess sem er og verður í næsta nágrenni og þeirri uppbyggingu sem er á næsta leiti. Horft verður til þess að starfsemin í húsinu falli að nærumhverfinu og gæði það lífi.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig  
*Fjármála- og áhættustýringarsvið*  
*Eignaskrifstofa*